

**Ed. 551. Frumvarp til laga [276. mál]**

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

1. málslíður 3. gr. orðist svo: Heimild þessi gildir til ársloka 1989.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með lögum nr. 13 16. mars 1949 var Sambandi íslenskra berklasjúklinga heimilað að stofnsetja og reka vöruhappdrætti og gildi heimildin í 10 ár. Sú heimild var framlengd með lögum nr. 18 22. apríl 1959 til ársloka 1969 og síðar til ársloka 1979 með lögum nr. 32 5. maí 1969.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að heimild Sambands íslenskra berklasjúklinga til rekstrar vöruhappdrættis verði enn framlengd um 10 ár, þ. e. til ársloka 1989.

Ágóða af happdrættinu skal samkvæmt lögnum varið til þess að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofa fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berklasjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.